



# Stykkishólmsbær

## Framtíðarsýn Stykkishólmsbæjar



**Stýrihópur um móttun framtíðarsýnar Stykkishólmsbæjar:**  
**Símon Sturluson, formaður**  
**Sigurjón Jónsson**  
**Guðbrandur Björgvinsson**

# Efnisyfirlit

## 1. Inngangur

## 2. Hlutverk stýrihópsins

## 3. Fundir

## 4. Stykkishólmshöfn staða 2008

## 5. Úrvinnsla

5.1. Núverandi fyrirkomulag

5.2. Lóðaumsóknir

5.3 Hvað þarf að vera með nýju skipulagi

## 6. Tillaga stýrihópsins

## 7. Viðhengi

7.1. Drög að deiliskipulagi

7.2. Fundargerðir 1-8 og íbúafundur

7.3. Fornminjaskráningar

7.4. Tillaga um varðveislu

7.5. Tölvupóstur Þorsteinn Sigulaugsson

7.6. Stykkishólmshöfn vefsíða

([http://stykkisholmur.is/default.asp?sid\\_id=1629&tre\\_rod=007|010|&tId=1](http://stykkisholmur.is/default.asp?sid_id=1629&tre_rod=007|010|&tId=1))



### ***1. Inngangur***

**Á 214. fundi sínum 29. júní 2006 skipaði bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar stýrihóp til að vinnað að myndun framtíðarsýnar fyrir Stykkishólmshöfn. Stýrihópin skipa: Símon Sturluson, formaður, Sigurjón Jónsson, Guðbrandur Björgvinsson, auk þess hafa Erla Friðriksdóttir hafnarstjóri og Hrannar Pétursson hafnarvörður rétt til að sitja fundi nefndarinnar.**

**Við vinnu sína hefur stýrihópurinn fundað með fag- og hagsmunaaðaliðum þeirra sem málið varðar s.s. Siglingastofnun, hönnuðum og notendum hafnarinnar. Einnig var boðað til almenns íbúa fundar.**

### ***2. Hlutverk stýrihópsins er:***

- . Mótun framtíðarsýnar fyrir Stykkishólmshöfn.**
- . Leggja fram tillögur um aukna aðstöðu fyrir smábáta, siglingaklúbb, kayaka og þess háttar.**
- . Leggja fram tillögur um aðstöðu vegna ferðapjónustu og farþegabáta**
- . Að leita eftir álit fag- og hagsmunaaðila og þeirra sem málið kann að varða.**

### ***3. Fundir***

**.Stýrihópurinn hefur haldið 8 nefndarfundi og einnig unnið með fag og hagsmunaaðilum svo sem Siglingastofnun, hönnuðum, notendum hafnarinnar og áhugasömum einstaklingum um málefni hafnarinnar.**

**Þá var haldinn fjölmennur íbúafundur þar sem margar hugmyndir og ábendingar komu fram sem notaðar verða við vinnuna við deiliskipulag hafnarinnar.**

#### *4. Stykkishólshöfn staðan 2008*

Tekjur hafnarinnar hafa dregist saman á undanförunum árum, fyrst vegna hruns í skelveiðum og síðar vegna samdráttar í lönduðum afla í Stykkishólshöfn, og á þessu ári eru fragtskip hætt að koma með rækju og eins er oliufélögin hætt að skipa upp olíu hérna.

Þannig að tekjur hafnarinnar af vörugjöldum og aflagjöldum hafa dregist verulega saman á meðan að tekjur af viðlegugjöldum fara hægt vaxandi og aðallega er það vegna aukningar á smábátum. Þá hefur verið tekið farþegagjald af farþegabátum síðan 2004.

Höfnin hefur verið rekin með tapi undanfarin ár en reksturinn hefur verið jákvæður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir nema árin 2003 og 2005

Höfnin skuldar um 90 milljónir og geta núverandi tekjustofnar enganvegin staðið undir skuldbindingum hennar. Gjaldstofnar hafnarinnar hafa alltaf verið nýttir að fullu.

Þess vegna áætluð við að snúa vörn í sókn og stórauka viðleguplássum fyrir smábáta en á þeim vettvangi teljum við að Stykkishólshöfn hafi sóknartækifæri. Á árinu 2007 var bætt við flotbryggju við Súgandisey með básum fyrir 12 báta og fóru þeir strax, eins var sett út bryggja fyrir jullur og minni báta í Snotru og hefur það létt á almennum bryggjunum.

Núverandi smábátaviðlegur eru nú þegar að mestu fullnýttar og getum við illa tekið við fleiri bátum við núverandi aðstæður. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga frá stórborgasvæðinu að koma með báta hingað ef viðunandi viðlega er fyrir hendi, því að innaverður Breiðafjörður er mjög áhugaverður fyrir sjóspport og siglingar.

Stýrihópurinn hefur látið Landlínur ehf vinna drög að deiliskipulagi þar sem að gert er ráð fyrir auknu viðleguplássi við puttubryggjur fyrir um 70 báta og áætluð við tekjuaukann af því um 5 milljónir á ári þegar að það er fullnýtt. Þá gerum við ráð fyrir viðlegu fyrir um 20 skútur og skemmtibáta sem myndu leggja skutinn uppá flotbryggjukanti og áætluð við tekjur af því um 2 millj , eða tekjuauka uppá um 7 millj en aukinn rekstrakostnaður af þessu yrði óverulegur.

Sótt hefur verið um til Siglingastofnunar að flýta flotbryggju sem er á samgönguáætlun 2010 og einnig að það verði unnið með hugmyndir stýrihópsins í samgönguáætlun 2009-2012 .



## **5. Úrvinnsla**

### **5.1. Núverandi fyrirkomulag**

**Notendur Stykkishólms hafnar eru flestir smærri bátar sem stunda botnfiskveiðar og grásleppuveiðar. Eins er mikið um eyjanytjabáta, skemmtibáta og jullur.**

**Einungis tveir stórir vertíðarbátar eru núna í Stykkishólms höfn og eru þeir gerðir út hálf tveimur árið en annars bundnir hér við bryggju.**

**Ferjan Baldur siglir daglega yfir fjörðinn og tvisvar á dag yfir sumartímann og hefur orðið mikil aukning á bíla og farþegaflutningi með tilkomu nýrrar og stærri ferju.**

**Farþegaskipið Særún hefur á sumrin silgt með farþega í skemmtisiglingu um Breiðafjarðareyjar. Á veturnar er báturinn bundinn hér við bryggju og eins farþegaskipið Brimrún sem fer í hvalaskoðunarferðir frá Ólafsvík á sumrin.**

**Þá eru einnig notendur hafnarinnar Siglingaklúbbsbátar, kajakar og sjókettir.**

**Á hafnarsvæðinu er mikil umferð af ferðamönnum og notendum hafnarinnar, bæði gangandi og akandi.**

**Yfir háannatímann er bílastæði á hafnarsvæðinu yfirfull, og þá sérstaklega bílar fólks sem dvelur út í Flatey um styttri eða lengri tíma.**

## 5.2.

### *Lóðaumsóknir*

Samkvæmt fundargerðarbók hafnarstjórnar hefur nokkrum sinnum frá árinu 1992 verið sótt um lóðir undir húsnæði á hafnarsvæðinu en ávallt verið hafnað á þeim forsendum ekki hafi verið unnið skipulag af svæðinu.

Árið 1992 sækja trillukallar um að byggja verbúðir ( A hús ) við flæðisker.

Árið 1993 kemur byggingarfulltrúi með tillögu af skipulagi hafnarinnar en ýmsir fyrirvarar eru gerðir við hans hugmyndir af hafnarnefnd.

Árið 1999 sækja Eyjaferðir um að fá að byggja afgreiðslu og þjónustustöð á uppfyllingunni á milli Taangsbyggju og Stykkisbyggju ásamt fastri viðlegu fyrir báta Eyjaferða.

Árið 2000 sækir Skipavík um lóð undir skemmu fyrir fiskmarkað.

Árið 2004 sækja Sæferðir um að byggja þjónustumiðstöð við Árnasteina og einnig að byggð verði bryggja fyrir farþegabáta á sama stað.

Árið 2007 sækja Sæferðir og Narfeyrarstofa um að byggja þjónustumiðstöð og veitingahús við Árnasteina ásamt því að byggð verði bryggja fyrir farþegabáta.



### 5.3.

*Hvað þarf að vera með nýju skipulagi*

Þar sem hafnarsvæðið er ekki stórt þarf að huga vel að nýtingu þess, bæði á sjó og á landi.

Leggja þarf mikla áherslu á við hönnuði að hafnarsvæðið í vikin ( Snotru) falli vel að gömlu bæjarmyndinni og stuðst verði við gamlar ljósmyndir af svæðinu.

Unnið verði áfram með þær deiliskipulagshugmyndir sem settar voru fram á íbúafundinum.

Ákveða þarf hvort og þá hvar eigi að nota landrými umdir húsbyggingar, svo sem veitingastaði, þjónustuhús farþega, minjagripasölur, fiskmarkað , siglingaklúbbhús og fleira sem tengst getur notkun hafnarinnar.

Huga þarf vel að bílastæðum með sem bestri nýtingu .

Góð og örugg gönguleið þarf að vera um hafnarsvæðið.



## 6. Tillögur stýrihópsins

Að unnið verði áfram með drög að deiliskipulagi hafnarsvæðisins frá Landlínunum dags 05.10.2006.

Næstu skref í framkvæmdum yrðu að halda áfram að auka rekstrartekjur hafnarinnar með fjölgun smábátaviðlega.

Á árinu 2009 verði bætt við flotbryggju með 20 básum innan við nýju bryggjuna í Súgandisey.

Árið 2011 ættum við að öllu óbreyttu að fá 90% framkvæmdastyrk og myndum við þá fara á fulla ferð í framkvæmdum og færi það eftir þörfinni hvort farið yrði í að fjölga smábátaviðlegum eða framlengja hafskipabryggjuna.

En tryggja þarf fjármagn á samgönguáætlun 2009-2012

Taka þarf sérstaklega tillit til ábendinga sem komið hafa fram varðandi Mylluhöfðann að raska sem minnst við honum og sleppa jafnvel oddanum (varnargarðinum) sem stendur út af honum í deiliskipulagsdrögunum.

Athuga hvort mögulegt er að hafa bryggjukanta hlaðna úr grjóti (hleðslur) á Snotrusvæðinu og endurvekja með því þær hleðslur sem farið hafa undir jarðveg. Hleðslur á svæðinu eru á minjaskrá og þarf að vinna skipulagið í góðri samvinnu við Minjavernd Vesturlands.

Einnig bendum við á ályktun frá hafnarstjórn Stykkishólms hafnar frá 11. feb. 1999 um varðveislu Árnabryggju (fskj. 7.4.)

© Ljósmyndasafn Stykkishólms





Farþegaafgreiðslu vegna farþegabáta sjáum við fyrir okkur á svipuðum nótum og í Reykjavík. Þ.e. að sett yrði létt afgreiðsluaðstaða í aðkomuleið að farþegabát, sem mætti jafnvel fjarlægja að vetri.

Þar sem byggingarland á hafnarsvæðinu er mjög takmarkað teljum við ekki ráðlegt að leyfa einum rekstraraðila í farþegaflutningum byggja þjónustumiðstöð ef svo seinna meir kæmu fleiri sem hefðu áhuga á að hefja farþegaflutninga.

Mikil aukning er á bílum og farþegum með tilkomu nýrrar ferju og þarf að endurskoða aðkomuleiðir að bátnum, bæði fyrir bíla og fólk.

Fjarlægja mætti eyju og ljósamöstur sem skipta akreinum í Súgandisey, við það skapaðist rými fyrir tvöfalda bílaröð í afgreiðslubiðröðinni .

Þá þyrfti að koma upp nýrri götulýsingu sjávarmegin í Súgandisey og einnig að leggja þar gangstétt og tengja hana gangstéttinni sem endar á garðinum því mestöll umferð gangandi fólks fer fram þarna megin götunnar.

Ljóst er vinna þarf að þessu með Vegagerðinni og Siglingastofnun þar sem þetta er þjóðvegur í þéttbýli á hafnarsvæðinu.

Helgina 20-22 júní síðastliðinn voru um 200 bílar á hafnarsvæðinu og var þeim lagt á alla lausa bletti, gangstéttir og víðar.

Flestir eru þetta bílar fólks sem fer út í Flatey til styttri eða lengri dvalar og á þetta bara eftir að aukast.

Finna þarf viðunandi lausn fyrir þennan bílafjölda og ekki síður að skoða hvort að gjaldtaka af þeim geti orðið tekjustofn fyrir Stykkishólmshöfn.

Ganga þarf varnlega frá bílastæðum við Flæðisker og við Taangsbyggju. Göngustíga og jafnvel bílastæði sjáum við fyrir okkur hellulögð.

Stýrihópurinn hefur tekið afstöðu á móti nýlegri umsókn um þjónustumiðstöð og veitingasölu við Árnasteina sem borist hefur frá Sæferðum og Narfeyrarstofu en bendir á aðra möguleika.

Í okkar hugmyndum á að grafa upp tangann við Árnasteina og nýta svæðið fyrir smábátaflotbyggju.

Landsvæðið við höfnina gefur ekki svigrúm til mikilla byggingaframkvæmda en í okkar hugmyndum sjáum við lítinn veitingastað eða klúbbhús í Snotru á svæðinu þar sem “gamla hótelið” stóð.

Eins mætti jafnvel hafa veitingastað sunnan við Flæðiskerið í brekkunni austur af húsinu Tanga.

Einnig mætti hefja landvinninga í austur og færa hluta sjóvarnargarðsins landmegin og hafa þar veitingahús og eða bílastæði.

Í fundargerð nr 4 kemur fram hugmynd um að hafa heitann pott í flæðamálinu á Snotrusvæðinu og myndi það vekja mikla athygli og hefði ómælanlegt auglýsingargildi fyrir höfnina.



**Framlenging á hafskipabryggjunni myndi gegna tvíþættu hlutverki.**

**Annars vegar að mynda skjól á Snotrusvæðinu fyrir norðanáttinni og hinsvegar að með framlengingunni yrði til um 100m löng viðlega að norðanverðu sem hægt væri að leggja smærri skemmtiferðaskipum upp að.**

*Afar mikilvægt er að vel takist til með hönnun hafnarsvæðisins svo að við getum áfram verið stolt af að eiga fallegustu höfn landsins.*

**Símon Sturluson formaður stýrihópsins.**